# Stjórnkerfisbreytingar hjá Akraneskaupstað

Nóvember 2020



# BREYTT LANDSLAG KALLAR Á BREYTINGAR

- Fjárhagstaða Akraneskaupstaðar er sterk en Covid-19 kallar á að aðhalds sé gætt í rekstri
  - **Tekjur standa í stað**
    - Aukið atvinnuleysi dregur úr staðgreiðslutekjum.
    - Lægri greiðslur frá jöfnunarsjóði sveitarfélaga.
  - **Á sama tíma hækka gjöld umfram tekjur**
    - Að stærstum hluta vegna hækkunar launa vegna nýgerðra kjarasamninga.
    - Álag að aukast á barnavernd og þrýstingur er á aukin fjárhagsstuðning við einstaklinga og fjölskyldur.



# BREYTT LANDSLAG KALLAR Á BREYTINGAR

- Umbótavinna unnin af Capacent/Arcur á rekstri og innra vinnulagi Akraneskaupstaðar kallar á nýjar áherslur
  - **Skipurit sveitarfélagsins hefur ekki stutt við nútímavinnubrögð í stýringu verkefna, hagnýtingu rafrænnar þjónustu og skjalastýringu til að efla þjónustu við íbúa og fyrirtæki.**
    - Verkefnamiðað skipulag í verkefnastofu á skrifstofu bæjarstjóra þar sem verkefnastjóri mun stýra stærri verkefnum og aðstoðar teymi við að ná árangri.
    - Skarpari forgangsröðun verkefna, tekið á agaleysi í skráningu í málaskrá
  - **Aukin áhersla á mannauðsmál þar sem þau hafa sætt afgangi sem hefur bitnað á starfsanda og ekki tekið á óviðunandi hegðun**
  - **Mikilvæg verkefni fá ekki næga fókus sem og samlegðartækifæri í mannskap og sóknartækifæri eru ekki nýtt**
    - Markaðsmál, almannatengsl ásamt samfélagsmiðlum og viðburðarhaldi hafa verið aðskilin og tækifæri til sóknar því ekki nýtt
    - Verkefni tengd ferðamönnum í umsjón á þremur mismunandi starfseiningum s.s. Guðlaug, tjaldsvæði, vitasvæði á Breið og byggðasafni að Görðum

- Mikil tækifæri eru í frekari vexti bæjarfélagsins með fjölgun íbúa og uppbyggingu innviða s.s. íþróttahúss, leikskóla, fimleikahús, þjónustumiðstöð aldraðra, frekari gatnagerð o.s.frv.

- Hagsmunir barna sett í forgang með snemmtækri íhlutun, innleiðingu barnsvæns samfélags og með styrkingu á barnavernd



# MARKMIÐ BREYTINGANNA (1 AF 2)

Að auka framleiðni starfsmanna, hafa skýrari forgangsröðun og stuðla að betri framgangi verkefna sem í dag fá of litla athygli.

Að grípa til aðhaldsaðgerða þar sem breytingar verða á þjónustu og unnið að aukinni tekjuöflun sem ætlað er að skila um 260 mkr. ávinningi á árinu 2021.

- **Með verkefnamiðuðu skipulagi er markmiðið að:**
  - Auka skilvirkni, hraða og gæði verkefna.
  - Efla almenna teymisvinnu og þverfaglegt samstarf.
  - Nýta nútímalegar vinnuaðferðir.
- **Með skrifstofu bæjarstjóra er ætlunin að:**
  - Nútímavæða þjónustuferla og efla þjónustuhugsun meðal starfsfólks og innleiðingu þjónustumarkmiða.
  - Leysa mál með þjálfun starfsmanna í fyrstu snertingu með íbúum og gegnir einingin frumkvæðishlutverki í stafrænni þróun sveitarfélagsins til að auka framleiðni og létta álagi á starfsfólk.
  - Ná betri nýtingu á mannauð með tilfærslu á Guðlaugu inn á eininguna ásamt menningar- og safnamálum svo öflugri samrekstur fáist á byggðasafni, vitasvæði og Guðlaugu.
  - Ráðningu skjalastjóra sem kemur á skýrri skjalastefnu og verklagi sem tryggir fagleg og samræmd vinnubrögð við skráningu mála, lýkur innleiðingu á skjalastjórnunarkerfi og dregur úr notkun á pappír.
  - Eflinu atvinnuþróunar í samstarfi við þróunarfélögin á Breið og á Grundartanga.

# MARKMIÐ BREYTINGANNA (2 AF 2)

- **Á stjórnsýslu- og fjármálasviði á að:**
  - Auka notkun og greiningu gagna og tölfræði í stefnumótandi ákvörðunartöku ásamt eflingu miðlægra innkaupa með ráðningu verkefnastjóra sem hafi m.a. hlutverk að vinna með sameiginleg innkaup fyrir stofnanir Akraneskaupstaðar í samvinni við forstöðumenn en viðkomandi hafi jafnframt yfir að ráða greiningarhæfni og komi að öðrum hefðbundnum verkefnum innan sviðsins (ársreikningsgerð, fjárhagsáætlunargerð og mánaðar- og árshlutauppgjörum).
  - Ráðning mannauðsstjóra til eflingar mannauðsmála s.s. jafnlaunavottun,starfsþróunarmál, menntun starfsmanna, vinna með streitu og aukin veikindi starfsmanna og tekist á við samskiptavanda og eflingu upplýsingamiðlunar og styrkingu fyrirtækjamenningar þar sem áhersla er á þjónustumiðaða hugsun og þverfaglegt samstarf.
- **Á skipulags- og umhverfissviði á að styrkja:**
  - Skipulagsmál með ráðningu skipulagsfulltrúa er komið á móts við álag á sviðinu og ætlunin að nýta sóknartækifæri til fjölgunar íbúa og aðgerða til stuðnings samfélaginu með öflugri uppbyggingu innviða.
- **Á velferðar- og mannréttindasviði á að:**
  - Ráða í nýtt starf forstöðumanns búsetukjarna á Akranesi. Akraneskaupstaður rekur þrjár búsetukjarna og var nýlega nýr kjarni í húsnæði Þroskahjálpar við Beykiskóga tekinn í notkun. Er þetta gert til að efla þjónustu við skjólstæðinga Akraneskaupstaðar í málaflokknum en það er mat sviðsstjóra og í samræmi við mönnunarþörf að slíkt sé nauðsynlegt og að það gangi ekki upp við núverandi aðstæður að sami forstöðumaður sé yfir tveimur búsetukjörnum.
  - Ráða inn verkefnastjóra í snemmtæka íhlutun og til að sinna verkefninu barnvænt samfélag. Áhersla á að setja börn í forgang. Samstarf við skóla- og frístundasvið.
  - Ráða tímabundið inn einstakling í 70% stöðu til að mæta auknu álagi í barnavernd.
- **Á skóla- og frístundasviði á að:**
  - Ráða inn verkefnastjóra í snemmtæka íhlutun og til að sinna verkefninu barnvænt samfélag. Áhersla á að setja börn í forgang. Samstarf við velferðarsvið.
  - Skerpa á starfi forstöðumanns íþróttamannvirkja ásamt tiltekinni breytingu varðandi stjórn vakta.

# HELSTU BREYTINGARNAR Í STÓRUM DRÁTTUM

- → Nýtt skipurit samþykktarferli og áætlað að taki gildi 1. janúar 2021.
- → Ný eining stofnuð undir heitinu Skrifstofa bæjarstjóra
  - Þjónusta og stafræn þróun, tölvu- og kerfismál, verkefnastofa, atvinnuþróun, markaðsmál, ferðamál og menningar- og safnamál málaflokkar sem tilheyra nýrri skrifstofu.
  - Ný staða skrifstofustjóra sem Sædís Alexía Sigurmundsdóttir tekur við.
  - Ný staða verkefnastjóra yfir verkefnastofu sem Ella María Gunnarsdóttir tekur við.
  - Starf forstöðumanns menningar- og safnamála lagt niður.
  - Starf skjalastjóra / persónuverndarfulltrúa auglýst á nýju ári. Núverandi verkefnastjóra skjalamála hefur verið boðið nýtt starf þjónustufulltrúa í þjónustudeild og á skipulags- og umhverfissviði.
  - Rekstur Guðlaugar verður í umsjón skrifstofustjóra.
  - Rekstrarumhverfi Akranesvita/upplýsingamiðstöðvar er breytt og starfsmanni boðið að vinna 20% stöðu í móttöku hópa og 80% stöðu í Guðlaugu og/eða innan íþróttamannvirkja.

# HELSTU BREYTINGARNAR Í STÓRUM DRÁTTUM FRH.

- → Forstöðumaður íþróttamannvirkja Ágústu Andrésdóttir verður boðið að snúa aftur til starfa í 100% starf en hefur verið 30% starfi undanfarna fimm mánuði. Ásamt því verður gerð breyting innan íþróttamannvirkja til þess að styrkja starfsemina og verða vaktstjórar á vöktum.
- → Nýráðningar mannauðsstjóra og skipulagsfulltrúa hluti af heildarbreytingarferlinu. Umsóknarfrestur rennur út 29. nóvember nk.
- → Ákveðin breyting verður gerð á Héraðsskjalasafninu þar sem lagt verður niður 50% staða í hagræðingarskyni og hefur Erlu Dís Sigurjónsdóttur verið boðin 100% staða héraðsskjalavarðar til eins árs en til skoðunar er fyrirkomulag safnsins til framtíðar.
- → Ákveðin breyting verður gerð innan fjármáladeildar þar sem verkefnastjóri(innkaupa- og greiningarfulltrúi) verður ráðinn til þess að ná fram betri og markvissari innkaupum til þess að stýra betur stórum útgjaldaliðum í rekstri Akraneskaupstaðar. Starf fjármálastjóra verður lagt niður og mun sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs ásamt verkefnastjóra í fjármáladeild vera falið að taka við aukninni ábyrgð og verkefnum.
- → Breytingar verðar gerðar innan velferðar- og mannréttindasviðs
  - o Ráðinn verður verkefnastjóri tímabundið í innleiðingu barnvæns samfélags og snemmtæka íhlutun.
  - o Ráðinn verður forstöðumaður yfir nýrri búsetueiningu á Beykiskógum.
  - o Vegna aukins álags í barnavernd verður ráðinn inn starfsmaður tímabundið.
  - o Heimild er gefin fyrir áframhaldandi stöðuhlutfalli í ráðgjafa í málefnum fatlaðs fólks í ½ ár.

# Nýtt skipurit Akraneskaupstaðar



# Skipurit Akraneskaupstaðar



# Skóla- og frístundasvið



# Skipulags- og umhverfissvið

**Skipulags- og umhverfisráð**

**Sviðsstjóri**

**Skipulags- og umhverfissvið**

## Skrifstofa bæjarstjóra
Verkefnastofa
Mannauðsmál
Þjónusta og stafræn þróun
Atvinnuþróun
Markaðs- og ferðamál
Menningar- og safnamál

## Stjórnsýslu- og fjármálasvið
Stjórnsýsla
Rekstur skrifstofu
Verkferlar
Innkaup
Greiningar og mælingar
Fjárreiður og bókhald
Launamál

## Byggingarmál
**Byggingarfulltrúi**
**Þjónustufulltrúi**
Lóðamál
Kortavefur
Lóðavefur
Eignaskipta-yfirlýsingar
Lóðaleigu-samningar

## Skipulagsmál
**Skipulagsfulltrúi**
**Þjónustufulltrúi**
Aðalskipulag
Deiliskipulag
Skipulagsmál

## Umhverfismál
**Umhverfisstjóri**
Sorphirða og endurvinnsla
Loftlagsmál
Rekstur opinna svæða
Garða og græn svæði
Leikvellir
Stofnanalóðir
Náttúruvernd
Umhverfisverðlaun
Bláfáninn
Vinnuskólinn

## Samgöngur og framkvæmdir
**Rekstrarstjóri**
**Verkefnastjórar**
Áhaldahús
Útboðsmál
Snjómokstur
Viðhald fasteigna
Akranesstrætó
Gatnagerð og viðhald gatna
Framkvæmdir

## Slökkvilið
**Slökkviliðsstjóri**
**Eldvarnareftirlits-fulltrúi**
Rekstur slökkviliðs
Eldvarnareftirlit

**Stofnanir**

**Íbúar**

# Velferðar- og mannréttindasvið

Velferðar- og mannréttindaráð

Barnaverndarnefnd

Sviðsstjóri

Notendaráð
Öldungarráð

Velferðar- og mannréttindasvið

## Skrifstofa bæjarstjóra

Verkefnastofa
Mannauðsmál
Þjónusta og stafræn þróun
Atvinnuþróun
Markaðs- og ferðamál
Menningar- og safnamál

## Stjórnsýslu- og fjármálasvið

Stjórnsýsla
Rekstur skrifstofu
Verkferlar
Innkaup
Greiningar og mælingar
Fjárreiður og bókhald
Launamál

## Félagsþjónusta

**Félagsmálastjóri og félagsráðgjafar**
Fjárhagsaðstoð
Félagsleg og fjárhagsleg ráðgjöf
Stuðningsþjónusta
Málefni útlendinga
Virkniúrræði
Endurhæfingarhúsið Hver

## Barnavernd

**Félagsráðgjafar**
Barnaverndarmál
Móttaka og greining
Tilkynningar
Úttektir dagforeldra
Vistun og fóstur
Stuðningsfjölskyldur
Samstarfsverkefni heimilisofbeldi
Úttekt vegna ættleiðingarmála

## Heimili og húsnæði

Félagslegt leiguhúsnæði
Húsnæðisbætur
Húsnæðisáætlun

## Þjónusta við fatlaða

**Forstöðumenn**
**Ráðgjafar í málefnum fatlaða**
Ráðgjöf og stuðningur
Stuðnings- og stoðþjónusta
NPA samningar
Þjónustusamningar
Notendasamningar
Akstursþjónusta fyrir fatlað fólk
Búsetukjarnar
Fjöliðjan og Búkolla

## Þjónusta við aldraða

**Forstöðumaður**
Stuðningsþjónusta
Heimsending matar
Félagsstarf
Heilsuefling
Akstursþjónusta

Íbúar

# Stjórnsýslu- og fjármálasvið



# Skrifstofa bæjarstjóra



# NÆSTU SKREF

- Bæjarráð samþykkti breytingarnar og vísaði þeim til umræðu og samþykktar í bæjarstjórn.
  - Fyrri umræða fer fram þann 1. desember næstkomandi.
  - Síðari umræða fer fram þann 15. desember.

# Takk fyrir